

EFNISTAKA Í UNDIRHLÍÐUM Í LANDI HAFNARFJARÐAR

Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

Skipulagsstofnun hefur fengið til athugunar efnistöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar, samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Hafnarfjarðarbær.

Framkvæmd kynnt í matsskýrslu: Fyrirhugað er að stækka núverandi efnistökusvæði í Undirhlíðum, í landi Hafnarfjarðarbæjar, norðan við Bláfjallaveg og opna nýja námu sunnan vegar.

Markmið framkvæmdar: Stækkun efnistökusvæðisins er liður í stefnumörkun Hafnarfjarðarbæjar er lýtur að því að skipuleggja betur en verið hefur tilhögun efnistöku innan bæjarfélagsins. Markmiðið er að sameina efnistöku á fáum en vel skipulögðum svæðum og koma í veg fyrir óskipulega efnistöku í landi bæjarins.

Athugun Skipulagsstofnunar: Þann 19. mars 2004 tilkynnti Hafnarfjarðarbær framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 26. mars 2004 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu. Matsskýrsla lá frammi til kynningar frá 26. mars til 7. maí 2004 á Bókasafni Hafnarfjarðar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.hafnarfjordur.is. Leitað var umsagnar Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar. Á kynningartíma barst ein athugasemd.

Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar:

Matsskýrsla: Matsskýrsla fyrir efnistöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar. Viðaukar með matsskýrslu: Sérfræðiskýrslur.

Önnur gögn: Svör Hafnarfjarðarbæjar við umsögnum og athugasemd dags. 21. og 30. apríl, 13. og 18. maí 2004. Stefnumótun og verklagsreglur um efnistöku í landi Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær, nóvember 2001.

2 UMSAGNIR OG ATHUGASEMD

Umsagnir bárust frá:

Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 21. apríl 2004.

Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. apríl 2004.

Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 21. apríl 2004.

Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. apríl 2004.

Vegagerðinni með bréfi dags. 23. apríl 2004.

Ein athugasemd barst á kynningartíma frá:

Jóni Lárussyni með bréfi dags. 4. maí 2004.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í matsskýrslu er kynnt stækkun núverandi efnistökusvæðis í Undirhlíðum til suðausturs og/eða til norðausturs. Frá árinu 1984 hefur efni verið unnið úr Undirhlíðum norðan við Bláfjallaveg, sem liggur þvert á ásinn er myndar Undirhlíðar. Gróflega áætlað hafa verið unnir um 3,3 millj. m³ af efni á um 13 ha svæði og er komið í botn á um 7 ha og verið að vinna á yfir 6 ha svæði í norðurenda námunnar. Úr Undirhlíðanámu er unnið bólstraberg sem er m.a. notað sem fyllingarefni á höfuðborgarsvæðinu. Við efnistöku er efnið grafið upp eða fleygað og ýtt niður af bökkum námunnar. Efnið er forunnið á svæðinu og því ekið burt. Í framtíðinni getur einnig þurft að sprengja til að losa efni. Fram kemur að ekki liggi fyrir hve lengi verði unnt að vinna efni úr Undirhlíðum þar sem slíkt sé háð aðstæðum á jarðefnamarkaði.

Lagðir eru fram kostir 1, 2 og 3 til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar og kemur fram að kostur 3 sé valkostur Hafnarfjarðarbæjar. Fram kemur að afmörkun stækkaðs vinnslusvæðis til norðurs ráðist af staðsetningu raflínu norðan svæðisins. Jarðmyndanir, gróðurlendi og sjónræn áhrif takmarki svæðið til vesturs, jarðmyndanir og nýtanleg jarðlög til austurs og nýtanleg jarðefni og landslag til suðurs. Fram kemur að við skipulagningu efnistökusvæðisins sé lögð áhersla á að fullnýta efni á svæði sem þegar hefur verið raskað. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að nægjanlegt efni verði skilið eftir á svæðinu svo unnt verði að ganga frá því á ásættanlegan hátt að efnistöku lokinni.

3.1 KOSTUR 1

Í matsskýrslu kemur fram að kostur 1 feli í sér að núverandi náma verði nýtt betur með því að lækka botn hennar um 3-5 m, en hann sé nú í um 100 m y.s. Náman verði stækkuð með færslu línuvegjar, en lega Bláfjallavegar verði óbreytt. Þessi kostur geti gefið um það bil 1,8- 2,2 millj. m³ af efni á 6,6 ha svæði. Aðgengi að vinnslusvæðinu yrði mjög erfitt, einkum að vetrarlagi. Mikið af úrgangsefni við Bláfjallaveg muni verða til vandræða þar sem erfitt verði að losna við það eða nýta til frágangs og sé þessi kostur því dýr og erfiður. Frágangur á svæðinu verði einnig erfiður þar sem eftir muni standa djúpur, væntanlega sporöskjulaga, dalur ólíkur því landslagi sem sé í kringum svæðið. Frágangur verði þannig að mótaðar verði brekkur huldar skriðum, með svipuðum halla og bröttustu skriður í landinu í kring, sem jafnvel má græða upp með grenndargróðri. Úrgangsefni verði notað til landmótunar.

3.2 KOSTUR 2

Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt kosti 2 sé gert ráð fyrir að Bláfjallavegur verði færður til norðurs og efnistaka verði hafin á nýju svæði sunnan hans og unnið niður á samsvarandi dýpi og botn núverandi námu. Gróflega megi áætla að á um 25,4 ha séu um 5,2 – 6,3 millj. m³ af föstu efni og þar af varlega áætlað 4,8-5,8 millj. m³ af bergi, aðallega bólstrabergi. Með þessari tilhögun verði hægt að nýta vestasta hluta núverandi Bláfjallavegar sem námuveg. Efnið verði unnið þaðan áfram til suðurs og austurs. Með þeirri tilhögun sé komið að besta efninu fyrst þar sem lítill jarðvegur liggja ofaná því. Þannig verði tryggð góð nýting á efni og lítið af úrgangsefni falli til í fyrstu. Fram kemur í matsskýrslu að þegar farið verði að taka efni á svæðinu muni koma betur í ljós hvernig bólstrabergið liggja og þá verði hægt að meta hvort fýsilegt sé að nýta svæðið að ystu mörkum. Ef sú verði raunin þá muni frágangur út frá sömu sjónarmiðum og í kosti 1 verða einfaldari en ella og dalur sem myndist við efnistöku falla betur að náttúrulegu umhverfi svæðisins. Gert er ráð fyrir að nýta jarðveg sem liggur ofaná námunni að einhverju leyti til frágangs á svæðinu samhliða vinnslu. Ennfremur kemur fram að rætt hafi verið um að nýta jarðveginn í Hafnarfirði og megi þá flytja hann í burtu áður en vinnsla hefjist á því svæði. Verði kostur 2 valinn ásamt kosti 1 muni framkvæmdaraðili á svæðinu norðan Bláfjallavegar, geta losað sig við úrgangsefni sem undirlag í nýjan Bláfjallaveg.

3.3 KOSTUR 3

Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt kosti 3 sé gert ráð fyrir að Bláfjallavegur verði færður til norðurs og efnistaka verði hafin á nýju svæði sunnan vegar samkvæmt kosti 2 ásamt því að unnið verði efni í stórum dráttum samkvæmt kosti 1. Gróflega megi áætla að heildarmagn af föstu efni sé um 6,9 – 8,8 millj. m³ á um 32 ha vinnslusvæði. Verði kostur 3 fyrir valinu verði gengið frá svæðinu með því að móta brekkur, með svipuðum halla og skriður í landinu í kring. Gert er ráð fyrir að nýta jarðveg sem liggur ofaná námunni að einhverju leyti til frágangs á svæðinu samhliða vinnslu. Verði kostur 3 valinn muni framkvæmdaraðili á svæðinu norðan Bláfjallavegar, geta losað sig við úrgangsefni sem undirlag í nýjan Bláfjallaveg.

3.4 AÐRIR KOSTIR

Í matsskýrslu kemur fram að auk núllkosts hafi verið skoðaðir aðrir kostir við stækkun efnistökusvæðisins í Undirhlíðum s.s. að stækka námuna til norðvesturs og suðvesturs en sú stækkun sé ekki talin koma til greina vegna áhrifa á gróður og skógrækt, fornar leiðir, ásýnd og jarðfræðiminjar, þ.e. gíga og eldhraun.

Núllkostur. Í matsskýrslu kemur fram að núllkostur feli í sér að ekki verði um frekari efnisvinnslu að ræða. Efnistaka sé nauðsynleg vegna framkvæmda og uppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu og lokun námunnar hafi umtalsverð áhrif á almenna möguleika til að afla fyllingarefna á höfuðborgarsvæðinu. Ganga þyrfti frá efnistökusvæðinu en í framtíðinni gæti Vegagerðin þurft að færa veginn og opna svæðið aftur. Frágangur verði þannig að mótaðar verði brekkur huldar skriðum, með svipuðum halla og bröttustu skriður í landinu í kring, sem jafnvel má græða upp með grenndargróðri. Úrgangsefni verði notað til landmótunar.

3.5 FÆRSLA VEGAR

Í matsskýrslu kemur fram að Vegagerðin hafi rætt um að færa Bláfjallaveg um Undirhlíðar til norðurs, til að auka öryggi vegfarenda. Með slíkri færslu, minnki

sveigja vegarins niður Undirhlíðar og að auki minnki meðalhalla vegarins. Hafnarfjarðarbær telur færslu vegarins skapa tækifæri til vinnslu efnis úr svæðinu sunnan hans og hafi Vegagerðin lagt fram tillögu að nýrri legu Bláfjallavegar um efnistökusvæðið. Við skoðun á efni í Undirhlíðanámu hafi komið í ljós að hægt sé að nota efni úr námunni í veginn og einnig megi nota úrgangsefni í neðra burðarlag.

4 UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDAR SAMKVÆMT FRAMLÖGÐUM GÖGNUM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

4.1 ÁHRIF Á MENN, SAMFÉLAG OG LANDSLAG

4.1.1 Sjónræn áhrif, landslagsáhrif

Í matsskýrslu kemur fram að kostir 2 og 3, muni hafa veruleg sjónræn áhrif þar sem landslag muni raskast enn frekar en orðið er. Núverandi efnistaka í hlíðum Undirhlíða sjáist víða að, þó sérstaklega frá Bláfjallavegi. Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir að kostur 1 muni hafa í för með sér aukin sjónræn áhrif. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, til að milda sjónræn áhrif, felist í því að brekkur verði huldar skriðum, sem jafnvel megi græða upp með grenndargróðri. Halli þessara skriða geti verið svipaður og halli á skriðum í landinu í kring þar sem það sé brattast. Í stefnumótun Hafnarfjarðarbæjar¹ um efnistöku kemur fram að markmiðin séu að haga efnistöku þannig að hún miði að verndun sérstaks landslags, jarðmyndana, lífríkis, náttúrufyrirbæra og menningarminja sem kunni að finnast í sveitarfélaginu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að frágangur að lokinni efnistöku sé lögbundinn sbr. 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að til að leggja mat á umhverfisáhrif efnistökkunnar sé nauðsynlegt að fyrir liggja í matsskýrslu fastmótaðar hugmyndir um útlit svæðisins að henni lokinni. Frágangur núverandi námusvæðis væri þá fyrsti áfangi með áætluðum tímamörkum og fullmótaðri áætlun um útlit sem væri í samræmi við heildarmynd svæðisins. Heildarástýnd svæðisins ráðist af frágangi núverandi svæðis og hvernig framtíðar efnistökusvæði verði aðlöguð að núverandi námu. Æskilegt hefði verið að gera nánari grein fyrir hvernig staðið verði að efnistöku og frágangi, samspili þessara þátta og framtíðarútliti svæðisins.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að vinnslutími í efnisnámu við Undirhlíðar sé nokkuð óljós og að hentugra sé að rekstraraðili leggi fram frágangsaætlun hverju sinni þegar sótt sé um framkvæmdaleyfi. Þannig verði betur framfylgt frágangi hverju sinni, frekar en að matsskýrsla setji fram hugsanlegan frágang þar sem ekki sé enn vitað hvernig jarðefnamarkaður þróist um ókomin ár.

4.1.2 Skipulag og landnotkun

Í matsskýrslu kemur fram að efnistökusvæðið samkvæmt kostum 1-3 sé að hluta til innan Reykjanesfölkvangs. Afmarkað hafi verið rannsóknarsvæði sem nái út fyrir fyrirhugað efnistökusvæði. Á rannsóknarsvæðinu sé ekki að finna jarðmyndanir sem hafi verið friðlýstar sérstaklega, en samkvæmt 37. grein náttúruverndarlaga njóti Skúlatúnshraun sem runnið hafi að austurhlið Undirhlíða, Kapelluhraun og fallegir klepra- og gjallgígar í því sérstakrar verndar en jaðrar hraunanna og gígarnir liggja utan sjálfs efnistökusvæðisins. Fram kemur að samkvæmt Aðalskipulagi

¹ Stefnumótun og verklagsreglur um efnistöku í landi Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær, nóvember 2001.

Hafnarfjarðar 1995-2015 sé svæðið í Undirhlíðum skilgreint sem efnistökusvæði og á grannsvæði vatnsverndar. Í aðalskipulaginu sé ekki kveðið á um sérstaka verndun jarðmyndana á þessu svæði.

Í framlögðum gögnum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að gert sé ráð fyrir að ofangreindum jarðmyndunum verði alveg hlíft við efnistöku, einkum klepra- og gjallgígunum. Fram kemur að jaðrar rannsóknarsvæðisins utan efnistökusvæðisins hafi verið flokkaðir í fjögur svæði á grundvelli verndarsjónarmiða og er lagt til að þau myndi eins konar umgjörð um efnistökusvæðið. Fram kemur að rekstraraðila verði gert að girða af svæði og merkja þar sem hætta getur verið fyrir hendi á vinnslutíma og áður en frágangi er lokið.

Í athugasemd Jóns Lárussonar kemur fram að jörðin Selskarð eigi beitarrétt á framkvæmdasvæðinu og því beri að hafa samráð við eigendur beitarréttar við skipulag á svæðinu.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að skv. reglugerð um búfjárhald og af skipulagsástæðum sé beit óheimil á þessu svæði og ekki sé sjáanlegt að beit verði nokkurn tíma heimiluð þar aftur. Efnistaka í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar skerði í engu hagsmuni eigenda Selskarðs og hafi ekki áhrif á það að þeir geti sótt ætlaðan rétt sinn fyrir úrskurðarnefndum og dómstólum.

4.1.3 Hljóðstig

Í matsskýrslu kemur fram að við núverandi efnistöku séu daglega farnar um 70 ferðir á vörubílum milli námunnar og ýmissa staða á höfuðborgarsvæðinu. Flestar ferðir séu farnar á tímabilinu frá apríl til ágúst, oft um 150 ferðir á dag. Í um 40-50 m fjarlægð frá Bláfjallavegi sé hljóðstig undir 45 dB(A). Af því megi ráða að hávaði vegna umferðar að og frá námunni sé ekki mikill á útivistarsvæðum og undir viðmiðunarmörkum fyrir sumarhúsabyggð. Fram kemur að framkvæmdin geti valdið staðbundnum hávaða vegna stórvirkra vinnuvéla og umferðar vörubíla. Engar mótvægisáðgerðir séu fyrirhugaðar vegna hávaða.

4.1.4 Grunnvatn

Í matsskýrslu kemur fram að unnið hafi verið reiknilíkan fyrir grunnvatnskerfi Kaldárbotna og svæðisins í kringum Hafnarfjörð. Talið sé að grunnvatnsstreymið sé í norðvestur til Straumsvíkur. Fyrirhugað efnistökusvæði sé innan grannsvæðis vatnsverndar sem tilheyrir verndarflokki II, skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Rekstraraðili verði að afla sér starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis áður en framkvæmdaleyfi verði veitt.

Fram kemur í matsskýrslu að ekki séu nægar tæknilegar upplýsingar fyrir hendi til þess að meta hvort og þá hvaða áhrif efnistaka samkvæmt kostum 1 og 3 um 3-5 m niður fyrir núverandi námubotn hafi á grunnvatn. Vöktun sé skilyrði fyrir því að hægt sé að meta ástand vatns á svæðinu. Lítið sé vitað um áhrif efnisvinnslunnar á vatnafar en hverfandi líkur séu taldar á hættu á mengun vatnsbóla Hafnarfjarðar ef fylgt verði starfsreglum samkvæmt starfsleyfi. Fyrirhugað sé að bora holu niður í grunnvatn sem verði vaktað af Vatnsveitu Hafnarfjarðar í samræmi við ábendingar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Vöktunarmælingar fari fram vikulega fyrstu mánuðina, mánaðarlega fyrsta árið, en síðan sjaldnar ef lítilla breytinga verði vart.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er lagt til að framkvæmdin verði háð skilyrðum um rannsóknir til að styrkja þekkingu á hegðun grunnvatns á svæðinu. Boraðar verði rannsóknarholur, skipulagi komið á vöktun á grunnvatnshæð og efnainnihaldi og reiknilíkon keyrð á ný til að meta straumstefnur

og hraða grunnvatnsflæðis. Skilyrt verði að Hafnarfjarðarbær láti draga úr starfseminni eða hætta henni ef rannsóknir leiði í ljós aukna áhættu fyrir vatnból. Dregið verði verulega úr mengunarálagi með mótvægisáðgerðum vegna olíunotkunar, olíuáfyllinga, vélavinnu og reksturs rafstöðvar. Einnig verði skilyrt að efnisnám fari ekki fram í námunni eftir 1. janúar 2005 nema af rekstraraðila sem hafi til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að hola verði boruð í þeim tilgangi að rannsaka grunnvatn og hegðun þess. Vöktun verði í höndum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Hins vegar sé ekki gert ráð fyrir að keyra aftur reiknilíkan sem meti straumstefnur og hraða grunnvatnsflæðis. Ef í ljós komi að vatnsból séu í hættu vegna starfseminnar verði gerðar viðeigandi ráðstafanir, dregið úr efnistöku eða henni hætt. Ekki verði gefið út framkvæmdaleyfi nema að rekstraraðili hafi fullgilt starfsleyfi skv. kröfum heilbrigðisnefndar og reglugerð nr. 785/1999.

4.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að við fornleifakönnun á svæðinu hafi fundist sex fornleifar á þremur stöðum innan rannsóknarsvæðis sem nær út fyrir fyrirhugað efnistökusvæði en að framkvæmdin sé ekki talin hafa áhrif á þær.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að Dalaleið milli Hafnarfjarðar og Krísuvíkur liggja m.a. sunnan undir Undirhlíðum. Það sé mat Fornleifaverndar ríkisins að staðsetja þurfi Dalaleið sunnan Bláfjallavegar og teikna inn á loftmynd á sama hátt og gert hafi verið norðan vegarins. Komi í ljós að efnisnám samkvæmt valkostum 2 og 3 muni raska leiðinni þurfi að breyta mörkum vinnslusvæða þannig að leiðin varðveitist en sé talið óhjákvæmilegt að raska leiðinni þurfi að sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til slíks, sbr. 14. gr. Þjóðminjalaga. Minnt er á að varast beri að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga beri akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að Hafnarfjarðarbær muni taka tillit til athugasemda Fornleifaverndar ríkisins og láta kortleggja Dalaleið sunnan Bláfjallavegar. Komi í ljós að óhjákvæmilega þurfi að raska leiðinni verði sótt um leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Fullt samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins í þeim tilgangi að hlífa leiðinni eins og kostur er.

4.3 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG FUGLA

Í matsskýrslu kemur fram að háhryggur Undirhlíða sé mestmegnis gróðurlaus melur með einkenni bersvæðisgróðurs. Engar sjaldgæfar plöntutegundir eða sérstök gróðursamfélög hafi fundist á fyrirhuguðu efnistökusvæði en gróðurlendi séu í mikilli afturför af völdum ofbeitar frá fyrri tíð. Fram kemur að á svæðinu hafi fundist 5 tegundir fugla sem séu allar algengar í mólendi. Fram kemur að minnst áhrif á gróður og fugla verði samkvæmt kosti 1 en kostir 2 og 3 hafi meiri áhrif í för með sér þar sem þeir feli í sér útvíkkun efnistökusvæðisins. Almennt séu áhrif efnistökkunnar á gróður og fugla óveruleg eða lítil.

4.4 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að Undirhlíðar séu móbergshryggur með bólstrabergskjarna, sem myndast hefur á ísöld. Hryggurinn sé víða hulinn kápu af jökulbergi. Við rætur móbergshryggjarins að vestan liggja röð lítilla klepra- og gjallgíga. Einkenni Undirhlíða séu margir samsettir móbergshryggir sem myndast

hafi í einni goshrinu, með ávalar hlíðar, misgengi, dalverpi og sigdældir inn á milli. Móbergið einkennist yfirleitt af ávölum og óreglulegum línunum í landslagi, sem sé dæmigert fyrir Reykjanesið í heild og landslag framkvæmdasvæðisins því ekki sérstætt. Með fyrirhyggju og þekkingu á jarðfræði svæðisins, sé hægt að útbúa manngert landslag í þessu umhverfi, sem haldi sérkennum núverandi landslags þannig að ummerki að lokinni efnistöku verði í lágmarki. Fram kemur að framkvæmd samkvæmt kosti 1 sé ekki talin hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir umfram það sem þegar hafi verið raskað. Framkvæmd samkvæmt kostum 2 og 3 breyti landslagi á svæðinu en sé ekki talin hafa neikvæð áhrif á sérstæðar eða mikilvægar jarðmyndanir, umfram það sem þegar hafi orðið. Engar mótvægisáðgerðir séu því fyrirhugaðar er varði jarðmyndanir á svæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er lagt til að hlífa nánasta umhverfi klepra- og gjallgíga í námunda við efnistökusvæðið en ekki aðeins gígunum sjálfum, þannig að þeir njóti sín betur í umhverfinu.

Í svörum Hafnarfjarðarbæjar er bent á að í matskýrslu sé talið að nægjanlegt óraskað land verði í kringum gígana.

5 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Hafnarfjarðarbær hefur tilkynnt til athugunar, samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, efnistöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar. Í matsskýrslu eru lagðir fram þrjú kostir á stækkun efnistökusvæðisins í Undirhlíðum til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar. Kostur 1 felur í sér að núverandi náma verður nýtt betur með því að taka úr botni hennar 3-5 m þykkt lag ásamt því að stækka hana til norðausturs. Lega Bláfjallavegar sem liggur suðvestan við núverandi námu mun þá haldast óbreytt. Gert er ráð fyrir að unnt verði að nema um 1,8 - 2,2 millj. m³ af efni af um 7 ha svæði. Samkvæmt kosti 2 er gert ráð fyrir að lega Bláfjallavegar um námusvæðið færist til norðurs jafnframt því að sveigja vegarins minnkar og efnistaka verði hafin á nýju svæði sunnan hans. Gert er ráð fyrir að unnt verði að nema um 5,2 – 6,3 millj. m³ af föstu efni af um 25 ha svæði. Samkvæmt kosti 3 er gert ráð fyrir efnistöku samkvæmt kosti 2 ásamt því að unnið verði efni í stórum dráttum samkvæmt kosti 1. Gert er ráð fyrir að unnt verði að nema um 6,9 – 8,8 millj. m³ af föstu efni á um 32 ha svæði. Ekki liggur fyrir hve lengi verður unnt að vinna efni úr Undirhlíðum þar sem slíkt er háð aðstæðum á jarðefnamarkaði.

5.1 ÁHRIF Á MENN, SAMFÉLAG OG LANDSLAG

5.1.1 Sjónræn áhrif, landslagsáhrif

Samkvæmt framlögðum gögnum Hafnarfjarðarbæjar er núverandi efnistaka í hlíðum Undirhlíða áberandi og mun efnistaka samkvæmt kostum 2 og 3 hafa veruleg sjónræn áhrif umfram það sem þegar er orðið. Gert er ráð fyrir að við frágang vegna efnistöku samkvæmt kostum 1-3 verði hlíðar efnistökusvæðisins huldar skriðum með svipuðum halla og bröttustu skriður í landinu umhverfis og að úrgangsefni og jarðvegur verði nýtt til landmótunar á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur bent á nauðsyn þess að í mati á umhverfisáhrifum komi fram fastmótaðar hugmyndir um frágang námusvæðisins og útlit þess að lokinni efnistöku. Hafnarfjarðarbær bendir hins vegar á að enn sé óljóst hver vinnslutími í námunni verði og því sé hentugra að rekstraraðili leggi fram frágangsaætlun hverju sinni þegar sótt sé um framkvæmdaleyfi.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif núverandi efnistöku í Undirhlíðum séu þegar orðin veruleg og að frekari efnistaka samkvæmt kostum 1-3 muni valda enn meiri sjónrænum áhrifum. Skipulagsstofnun telur að sú tilhögun sem Hafnarfjarðarbær hefur lagt fram um efnisvinnslu og frágang svæðisins sé til þess fallin að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum vegna efnistökkunnar og að þau verði ásættanleg fyrir kosti 1-3. Skipulagsstofnun telur að áður en leyfi verður veitt fyrir einstökum framkvæmdaáföngum efnistöku í Undirhlíðum þurfi rekstraraðili að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 fyrir viðkomandi áfanga um hvernig staðið verður að efnisnámi, frágangi og landmótun einstakra framkvæmdaáfanga innan efnistökusvæðisins með hliðsjón af fullnýtingu og frágangi alls svæðisins og þess að á hverjum tíma sé sjónrænum áhrifum efnisvinnslu haldið í lágmarki. Skipulagsstofnun telur að þannig verði unnt að ljúka efnistöku að loknum hverjum áfanga án þess að stór svæði standi eftir ófrágengin.

5.1.2 Landnotkun

Fram kemur í athugasemd sem barst á kynningartíma matsskýrslu að jörðin Selskarð eigi beitarrétt á framkvæmdasvæðinu og því beri að hafa samráð við eigendur jarðarinnar um skipulag á svæðinu. Hafnarfjarðarbær hefur bent á að beit sé ekki heimil á svæðinu og ekki sé fyrirsjáanlegt að hún verði heimiluð.

Fram kemur að rekstraraðila verði gert að girða af svæði og merkja þar sem hætta getur verið fyrir hendi á vinnslutíma og áður en frágangi er lokið. Skipulagsstofnun telur að með fyrirhuguðum girðingum og merkingum sé unnt að fyrirbyggja slyshættu vegna framkvæmdanna.

5.1.3 Grunnvatn

Fyrir liggur að fyrirhugað efnistökusvæði er á grannsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur lagt til að framkvæmdin verði háð skilyrðum um rannsóknir til að styrkja þekkingu á grunnvatni á svæðinu, komið verði skipulagi á vöktun á grunnvatnshæð og efnainnihaldi grunnvatns og keyrð á ný reiknilíkon til að meta straumstefnur og hraða grunnvatnsflæðis. Hafnarfjarðarbær hefur bent á að ekki sé gert ráð fyrir að keyra aftur reiknilíkan á svæðinu en rannsóknarhola verði boruð til að fylgjast með grunnvatni og vöktun verði í höndum Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Komi í ljós að vatnsból séu í hættu vegna starfseminnar verði gerðar viðeigandi ráðstafanir, dregið úr starfseminni eða henni hætt.

Fyrir liggur að straumstefnur grunnvatns eru í meginatriðum þekktar og grunnvatnsrennslið er frá Undirhlíðum til Straumsvíkur. Skipulagsstofnun telur því að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé ekki tilefni til að fara fram á að grunnvatnslíkan fyrir svæðið verði endurreiknað. Hins vegar telur stofnunin nauðsynlegt að aflað sé nákvæmra upplýsinga um grunnvatnshæð undir námunni. Ákvörðun um dýpkun námunnar samkvæmt kostum 1 og 3 niður fyrir núverandi námubotn og hæð námubotns á nýjum vinnslusvæðum þarf að byggja á þessum upplýsingum og þarf að tryggja að ekki verði unnið niður að hæsta grunnvatnsborði. Þar sem jarðlögin í Undirhlíðum eru gljúp er lítil fyrirstaða í þeim ef mengunarslys á sér stað á vinnusvæðinu. Skipulagsstofnun telur því mikilvægt að í starfsleyfi rekstraraðila verði ströng ákvæði til að fyrirbyggja mengun. Þar sem náman er á grannsvæði vatnsverndar þarf Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis að hafa eftirlit með því hvort hætta sé á mengun grunnvatns. Skipulagsstofnun telur því að fylgjast þurfi með breytingum á efnasamsetningu vatnsins með vöktun þess. Skipulagsstofnun telur að áhrif á grunnvatn vegna efnistökkunnar samkvæmt kostum 1-3 muni ekki verða veruleg að því tilskyldu að ekki verði unnið nálægt hæsta grunnvatnsborði og að í starfsleyfi verði ákvæði um varnir til að koma í veg fyrir grunnvatnsmengun.

5.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins hefur komið fram að staðsetja þurfi Dalaleið sunnan Bláfjallavegar og komi í ljós að efnistaka samkvæmt kostum 2 og 3 muni raska leiðinni þurfi að breyta mörkum vinnslusvæðis þannig að leiðin varðveitist. Sé talið óhjákvæmilegt að raska leiðinni þurfi að sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins sbr. 14. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Hafnarfjarðarbær hefur greint frá því að leiðin verði kortlögð og farið að lögum þurfi að raska henni.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar samkvæmt kostum 1-3 á fornleifar verði óveruleg. Hafnarfjarðarbær þarf að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um afmörkun framkvæmdasvæðis þannig að Dalaleið verði hlíft eins og kostur er.

5.3 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG FUGLA

Í framlögðum gögnum Hafnarfjarðarbæjar hefur verið bent á að þær tegundir fugla sem finnast á framkvæmdasvæðinu séu allar algengar í mólendi. Engar sjaldgæfar plöntutegundir eða sérstök gróðursamfélög hafi fundist á fyrirhuguðu efnistökusvæði.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð námuvinnsla í Undirhlíðum samkvæmt kosti 1-3 hafi óveruleg áhrif á gróður og fugla.

5.4 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í gögnum Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að framkvæmd samkvæmt kosti 1 sé ekki talinn hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir umfram það sem þegar hafi verið raskað. Framkvæmd samkvæmt kostum 2 og 3 breyti landslagi á svæðinu en sé ekki talin hafa veruleg áhrif á sérstæðar eða mikilvægar jarðmyndanir, umfram það sem þegar hafi orðið. Talið er að nægjanlegt óraskað svæði verði í kringum klepra- og gjallgíga á svæðinu til að varðveita heildarmynd þeirra.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á sérstæðar jarðmyndanir verði óveruleg. Skipulagsstofnun telur að ekki þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til verndar klepra- og gjallgígum á svæðinu miðað við afmörkun efnistökusvæðis samkvæmt kostum 1-3 eins og hún er kynnt í matsskýrslu.

5.5 NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun telur að það markmið framkvæmdarinnar að sameina efnistöku á fáum en vel skipulögðum svæðum og koma í veg fyrir óskipulega efnistöku í landi Hafnarfjarðar sé jákvætt. Efnistaka felur í sér talsverða röskun á umhverfi og er því mikilvægt að umfang hennar og áhrif séu skýr. Sérstaklega á þetta við um svæði sem hafa umhverfislega sérstöðu s.s. vegna sérstæðra jarðmyndana, fornleifa eða vatnsverndar. Skipulagsstofnun telur að með vöktun á grunnvatni á svæðinu og framfylgd krafna um mengunarvarnir í starfsleyfi rekstraraðila sé unnt að lágmarka hættu á mengun grunnvatns vegna efnistökkunnar og að unnt verði að stöðva eða breyta fyrirkomulagi hennar leiði vöktun í ljós mengun af völdum starfseminnar. Dýpkun námunnar samkvæmt kostum 1 og 3 þarf að ráðast af grunnvatnsborði og ákvörðun um hæð námubotns á vinnslusvæðum þarf að byggja á upplýsingum um dýpi niður á grunnvatn. Tryggja þarf að ekki verði unnið niður að grunnvatnsborði. Skipulagsstofnun telur að áhrif á grunnvatn af völdum efnistökkunnar samkvæmt kostum 1-3 muni ekki verða veruleg. Nauðsynlegt er að lágmarka slyshættu vegna starfseminnar með girðingum og merkingum á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif efnistöku samkvæmt kostum 1-3 verði ásættanleg. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi þarf rekstraraðili námuvinnslunnar að leggja fram áætlun um efnistöku um hvernig staðið verður að efnisnámi, frágangi og landmótun einstakra framkvæmdaáfanga innan efnistökusvæðisins með hliðsjón af fullnýtingu og frágangi alls efnistökusvæðisins. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun, hljóðvist, jarðmyndanir, gróður og fugla verði óveruleg.

Á grundvelli gagna Hafnarfjarðarbæjar lögðum fram við athugun, umsagna, athugasemdar og svara Hafnarfjarðarbæjar við þeim er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar samkvæmt kosti 1-3 muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skv. 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal liggja

fyrir áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi til efnistöku er veitt. Efnistaka er jafnframt háð starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999 og einnig svæðisskipulagi vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdaleyfi skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, þ.e. aðal- og deiliskipulag. Þó er unnt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags án deiliskipulagsgerðar ef fullnægjandi grein er gerð fyrir framkvæmdinni þar. Framkvæmdin er í samræmi við stefnu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 1995-2015 sem gerir ráð fyrir bögglabergsnámu í Undirhlíðum. Efnistökusvæðið er hins vegar ekki afmarkað í aðalskipulaginu, né mörkuð stefna þar um stærð þess, magn efnistöku eða annað fyrirkomulag. Af þeim sökum og þar sem ganga verður út frá að ekki verði veitt framkvæmdaleyfi til allrar framkvæmdarinnar í heild heldur að veitt verði framkvæmdaleyfi til einstakra framkvæmdaáfanga innan heildarefnistökusvæðisins, telur Skipulagsstofnun að vinna þurfi deiliskipulag af efnistökusvæðinu. Í deiliskipulagi fyrir efnistökusvæðið er unnt að festa endanleg mörk efnistökusvæðisins m.t.t. m.a. verndar gígaráðar norðvestan þess og fornrar leiðar suðaustan þess auk ákvarðana um landmótun og frágang svæðisins í heild og legu vegar um svæðið.

6 ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram samkvæmt 10. gr. sömu laga af hálfu Hafnarfjarðarbæjar við tilkynningu ásamt umsögnum, athugasemd og svörum Hafnarfjarðarbæjar við þeim.

Með vísun til niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða efnistöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar samkvæmt kostum 1-3 með eftirfarandi skilyrðum:

1. Afla þarf upplýsinga um grunnvatnshæð á efnistökusvæðinu áður en veitt eru framkvæmdaleyfi til dýpkunar námunnar niður fyrir núverandi námubotn og hámarksvinnsludýpt ákvörðuð. Í framkvæmdaleyfum þarf að tryggja að ekki verði unnið niður fyrir grunnvatnsborð.
2. Með framkvæmdaleyfi fyrir hverjum framkvæmdaáfanga þarf að liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd þar sem fram kemur hvernig staðið verður að efnisnámi, frágangi og landmótun viðkomandi framkvæmdaáfanga innan heildarefnistökusvæðisins með hliðsjón af fullnýtingu og frágangi alls svæðisins.
3. Í starfsleyfi til framkvæmda á efnistökusvæðinu þarf að tryggja viðeigandi varnir og viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir grunnvatnsmengun. Vinnslu verði hætt eða fyrirkomulagi efnistökkunnar breytt leiði vöktun í ljós mengun grunnvatns af völdum starfseminnar.
4. Hafnarfjarðarbær skal hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um endanlega afmörkun efnistökusvæðisins næst Dalaleið.

7 KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 106/2000 má kæra úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. júlí 2004.

Reykjavík, 8. júní 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson